

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

ÁGÚST 2018



8. tbl. 21. árg.

Hádegis tilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

MIDSTÆRÐ
af matseðli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Allt að 300 íbúðir á Héðinsreit

- enn óvíst með BYKO reitinn við Hringbraut



Séð yfir Héðinsreit.

Vinnu við deiliskipulag vegna svonefnds Héðinsreitar í Vesturbæ Reykjavíkur er að ljúka. Að því loknu er gert ráð fyrir að unnt verði að byggja allt að 300 íbúðir á reitnum sem er vestan Héðinshúsins og Seljavegar. Þar af erum um 200 íbúðir á þeim hluta reitsins sem fasteignapróunarfélagið Festir er í forsvari fyrir. Ekki er gert ráð fyrir byggingu hótels á reitnum.

Gert er ráð fyrir að íbúðir sem byggðar verða á reitnum verði af ýmsum stærðum og lögð áhersla

á bæði minni og stærri íbúðir. Með þessum byggingum gætu hátt í 500 manns bæst í íbúafjölda Vesturbæjarinnar. Einnig hefur verið fyrirhuguð um hríð endurbygging á gamla Steindórsplaninu austan Hringbrautarinnar sem oft er kennt við BYKO. Hugmyndir voru um byggð bæði íbúða og hótels á því svæði en ekki liggur fyrir hvort og að hversu miklu leyti þær kunna að verða endurskoðaðar. Verslunin Víðir var um tíma í gamla Steindórshúsinu eftir að BYKO flutti út í Örfirisey en hefur nú hætt störfum.



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Erum á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Guðmund
Steingrímsson

- bls. 10
Félagsmiðstöðin
Tjörnin

FUNDIÐ FÉ

Nýr miði!

HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skafal

www.borgarblod.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Driscoll's berjatilboð

Melabúðin
Þín verslun

Hagamel 39 - Sími 551-0224

Svínakjöt á tilboði!

- helgartilboð úr kjötborðinu Gildir frá 23. til 26. ágúst



Opið 9-20 virka daga

Opið 10-20 á laugardögum og sunnudögum

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

8. tbl. 21. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Af húsnæðismálum og heimilisleysi

Húsnæðismál og heimilisleysi hafa sett svip á borgarmálaumræðuna í Reykjavík að undanförunu. Fólki sem á í vanda hefur fjölgað verulega á fimm ára tímabili.

Á stæður þess að fólk getur ekki búið sér heimili eru á ýmsum toga og langt í frá að um einsleitan hóp sé að ræða. Eitt stafar af þjóðfélagsþróun en annan vanda má fremur rekja til heilsufarslegra orsaka.

Húsnæðismál í höfuðborginni hafa löngum einkennst af sókn fólks til búsetu í Reykjavík. Sú búsetuþróun sem hófst fyrir um öld stendur enn. Ýmislegt hefur þó verið gert til að mæta henni.

Má í því efni nefna byggingu Smáibúðahverfisins á sjötta áratug liðinnar aldar, Beiðholtsins fyrir hálfri öld, Grafarvogsins nokkru síðar og nú miklum byggingaframkvæmdum innan marka „gömlu“ Reykjavíkur á undanförunum árum. En það hefur ekki dugað til.

Eftir bankahrunið haustið 2008 lentu margir í erfiðleikum. Í áður óþekktu fjármálaumhverfi réð fólk ekki við skuldbindingar og margir misstu íbúðir sínar – einkum yngra fólk sem nýlega hafði fest kaup á húsnæði.

Á undanförunum árum hefur verið íbúða hækkað. Bæði er um að ræða mikla eftirspurn og einnig hefur áherslu skort á byggingu minni íbúða og að huga að ódýrari byggingakostum og félagslegum úrræðum. Þetta ástand hrópar nú á breyttar áherslur.

Vandi fólks sem býr við meðfædda andlega sjúkdóma eða áunna. Geðheilsu- og fíknisjúkdóma blandast einnig inn í þessa umræðu. Fólk í slíkum vanda sækir gjarnan til miðlægra byggða – einkum höfuðborgarsvæða. En vandi þess verður ekki leystur nema að takmörkuðu leyti með húsnæði einu saman. Þar er einnig um heilbrigðismál að ræða.

Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir vanda sem brýnt er að leysa. Þar þarf samtal að koma til en ekki átök.

Allt fast við Dunhaga

- Ákvörðum um stækkun felld úr gildi. Þarf að breyta deiliskipulagi vegna svo stórrar framkvæmdar.



Húsið hefur staðið autt að mestu undanfarið þar sem breytingar hafa staðið til. Nú er ljóst að breyta þarf deiliskipulagi vegna þeirra.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur fellt úr gildi byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og hækkun húss að Dunhaga 18 til 20. Þar var fyrirhugað að byggja innregna hæð ofan á núverandi hús, viðbyggingu við fyrstu hæð hússins og fjölga íbúðum úr 8 í 20 auk þess sem opna átti þar stórmarkað. Úrskurðarnefndin telur að framkvæmdirnar feli í sér það umtalsverð frávik frá byggðamynstri svæðisins að breytingin hefði þurft að eiga sér stoð í deiliskipulagi.

Hópur íbúa við Hjarðarhaga 27 og Tómasarhaga 32 kærðu ákvörðun byggingafrulltrúans í Reykjavík um að veita byggingarleyfið. Þeir töldu að grenndarkynning sem farið hefði fram væri ólögmet þar sem hún hefði eingöngu náð til íbúa sunnan Hjarðarhaga. Ekki hefði verið tekið tillit til þess að úr íbúðum norðan götunnar væri útsýni til Reykjaness sem myndi skerðast með „tilheyrandi rýrnun lífsgæða íbúa og verðgildis íbúðanna.“

Bætt á skort á bílastæðum

Þá bentu íbúarnir á að umferð myndi aukast til muna

með fjölgun íbúða og komu stórmarkaðs sem bætti á þann skort á bílastæðum sem þegar væri til staðar. Stækkun kjallara yrði erfið framkvæmd þar sem húsin væru byggð á klöpp og mögulega þyrfti að sprengja fyrir stækkuninni. Tjón af því gæti orðið óbætanlegt þar sem íbúðarhús stæðu í 15 metrar fjarlægð og bílskúrar á Tómasarhaga 32 í átta metra fjarlægð. Þeir sem sendu inn athugasemdir voru: Ásta Logadóttir, Hildur Þórisdóttir, Eyþór Mar Halldórsson, Ásdís Schram, Sólveig K. Jónsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Einar Ólafsson.

Dunhagi 18 til 20 er nærþjónustukjarni

Í úrskurði nefndarinnar segir m.a. að Dunhagi 18 til 20 sé skilgreindur sem nærþjónustukjarni þar sem heimilt að reka minni matvöruverslanir, bakarí, fiskbúðir og annað til daglegra þarfa innan hverfa. Með þeim breytingum sem fyrirhugaða hafa verið mun nýtingarhlutfallið á reitnum aukast um allt að 77% sem eru umtalsvert frávik frá þéttleika byggðar og byggðamynstri umrædds svæðis.

Úrskurðarnefndin komst því að þeirri niðurstöðu að breytingin hefði þurft að eiga sér stoð í deiliskipulagi sem hún átti ekki og því hafi ekki verið nóg að farið hafi fram grenndarkynning. Var ákvörðun byggingafrulltrúans því felld úr gildi. A fundi skipulagsfulltrúa 18. febrúar 2015 eða fyrir meira en þremur árum var tekin fyrir umsókn um leyfi til að fjölga íbúðum á 2. og 3. hæð úr fjórum í tíu á hvorri hæð, breyta innréttingum verslunarrýmis á 1. hæð, breyta kjallara með geymslum og þvottahúsum og færa sorpgeymslur og barnavagna- og hjólageymslur út í tvær einingar í bílskúr. Málinu var vísað til umsagnar Umhverfis og skipulagsviðs á þeim tíma. Og nú hefur Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála fellt útgefið byggingarleyfi úr gildi.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á
Facebook

101

REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

www.101.is

Vesturbæingar



Maður er varla búinn
að jafna sig eftir
Reykjavíkumaraþonið.

GRILLUM & NJÓTUM

Kjötkompaní

Grandagarði 29 • 101 Reykjavík
Dalshrauni 13 • Hafnarfirði

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

ÓDÝRAR SKÓLAVÖRUR

fyrir öll skólastig



bóksala stúdent



Alvöru bókabúð og miklu meira

Háskólatorgi - www.boksala.is

Vesturbærinn er skemmtilegur

- segir Guðmundur Steingrímsson ritstjóri, tónlistarmaður og rithöfundur og fyrrv. alþingismaður

Guðmundur Steingrímsson ritstjóri, tónlistarmaður og rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður hefur sent frá frá sér nýja skáldsögu. Bókin nefnist Heimsendir og er gefin út hjá Bjarti útgáfu, sem er staðsett í Vesturbænum í Reykjavík. Bókin fjallar um Leif, róttlausan blaðamann, sem ákveður að rífa sig upp úr tilbreytingarleysinu, losa út síðustu peningana úr fjárfestingum sínum á netinu, og bjóða kærustunni, Unni, í lífsnautnaferð til Bandaríkjanna. Ferðin þróast á óvæntan veg.

„Þetta er einhvers konar tilvistarleg spennusaga og kannski líka nútíma ævintýri um ungan mann sem fer út í heim til að berjast við dreka, í eigin sálarlífi og annars staðar. Það er klassískt viðfangsefni. Mér fannst gaman að heyra að fólki finnst hún skemmtileg og spennandi. Það á erfitt með að leggja hana frá sér. Ég byrjaði að skrifa hana fyrir löngu síðan en náði ekki að klára fyrir en ég hætti á þingi. Þá hafði ég meiri tíma. Ég hef hugsað mér að skrifa núna fleiri bækur. Það eru nokkrar bækur í kollinum sem ég verð að koma á blað.“

Skemmtilegur Vesturbær

Guðmundur hefur búið í Vesturbænum um árabíl. Flutti á Nesveginn árið 2004 og síðar í Faxaskjól þar sem hann býr nú ásamt konu sinni Alexíu Björgu Jóhannesdóttur leikkonu og tveimur börnum. En hvað kom til að Garðbæingurinn settist að í Vesturbænum í Reykjavík? „Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Ég gekk í Menntaskólann í Reykjavík og kynntist þá mörgum jafnöldrum mínum úr Vesturbænum. Ef ég horfi lengra aftur í tímann þá á ég ákveðnar rætur í Vesturbænum. Faðir minn, Steingrímur Hermannsson, var alinn upp í Tjarnargötunni og var KR-ingur. Bróðir minn býr einnig í Vesturbænum og þar eru margir vinir mínir. Krakkarnir eru ánægð í skólunum bæði Melaskóla og Hagaskóla og við kunnum afskaplega vel við okkur. Maður er með sjóinn og náttúruna beint fyrir framan augun. Að búa í Faxaskjólunum er næstum því eins og að búa í Flatey. Nálægðin við sjóinn er svo mikil. Mér finnst líka gaman að upplifa breytingarnar sem hafa verið að gerast í Vesturbænum. Umhverfið við Hagamelinn ber orðið svolitinn keim af miðborgarlífi. Kaffi Vest er skemmtileg viðbót og margt



Guðmundur Steingrímsson. Timburveggurinn í bakgrunni er táknrænn fyrir áhugamál hans.

annað skemmtilegt í aðsögu. Íbúasamsetningin er líka að breytast. Krökkunum hefur verið að fjölga bæði í mínu nánasta umhverfi niður við sjóinn í Faxaskjól og einnig annars staðar í borgarhlutanum. Það eru að verða ákveðin kynslóðaskipti. Þegar ég flutti í Vesturbæinn voru ekki mörg börn í nágrenni við okkur en þeim hefur fjölgað verulega og nú er orðið mikið líf og fjör í götunni og nágrenni hennar. Þetta er virkilega góður staður. Stutt að hjóla niður í bæ.“

Smíðurinn er í ættinni

„Við Alexía festum kaup á húsi í Faxaskjólum fyrir fimm árum. Það var búið að gera það upp að hluta og við tókum til við að halda áfram þar sem fyrri eigendur höfðu horfið frá. Við klæddum húsið með timbri, skiptum um glugga og gerðum kvist á þakið og tvennar svalir. Ég fékk húsasmíðameistara í lið mér sem stýrði verkinu og kenndi mér margt. Ég vann mikið við húsið sjálfur og geri enn, því það er ekki alveg búið. Þetta er eitthvað í blóðinu. Faðir minn smíðaði oft og sagaði stundum heldur lengra en gott þótti eins og einhvern tíma varð frægt. Smíðsáhuginn liggur í ættinni. Móðurafi hans og langafi minn Steingrímur Guðmundsson var byggingameistari og byggði

mörg hús í Miðborginni. Þar á meðal gamla Kvennaskólann. Ég held að pabbi hafi haft þetta frá honum og jafnvel einnig úr föðurætt sinni sem er úr Skagafirði. Föðurafi hans, Jónas á Syðri Brekkum, faðir Hermanns afa, fékkst við smíðar. Eftir að hafa unnið við að endurgera húsið í Faxaskjólunum hef ég öðlast meiri kunnáttu. Núna er ég farinn að taka að mér smíðar og umsjón smíðaverkefna fyrir vini mína, ásamt öðru sem ég er að fást við. Mér finnst það mjög gaman. Smíðar eru róandi og gefandi.“

Tók ákvörðun um að hætta í stjórnárum

Oft hefur reynst stjórnárumönnum erfitt að skipta um vettvang og stundum heyrast raddir um að atvinnulífið sé ekki hliðhollt fólki sem starfað hefur í stjórnárum meðal annars með setu á Alþingi. Sumir hætta af sjálfsdáðum en aðrir falla í prófkjörum og kosningum. Guðmundur dróg sig úr stjórnárum af sjálfsdáðum. „Já – ég tók mína eigin ákvörðun um að hætta stjórnárum áttíttöku. Alla vega um sinn. Mig langaði að sjá hvað lífið hefur upp á að bjóða. Ég tel þingmennsku ekki endilega vera ævistarfar. Ég hafði alla vega ekki hugsað það

þannig. Þingmennska og önnur stjórnárumastörf gefa vissulega af sér góða reynslu. Maður kynnist mörgu með því að taka þátt í stjórnárum en það þarf ekki að vera eitthvað lögmál að fólk eigi eða vilji hanga í þessu endalaust.“ Guðmundur bendir á að mikil og nokkuð stöðug endurnýjun hafi orðið á Alþingi að undanförunum. Það sé bæði gott og slæmt. „Þingið sem situr í dag er mjög ungt. Margir af þingmönnum eru að taka sín fyrstu skref. Margir af þeim sem sátu með mér á þingi eru horfnir til annarra verka – sumir eftir of stutta setu að mínu mati. Þótt ég telji mikilvægt að endurnýjun eigi sér stað, þá held ég að svo ör endurnýjun skapi ákveðið reynsluleysi innan raða þingsins sem getur leitt til þess að þingið hjakki of mikið í sama farinu. Best er ef endurnýjunin er nokkuð jöfn. Það er ekki gott að um helmingur þingmanna komi nýr af nálinni inn á þing eftir hverjar kosningar. Þingmennska og önnur stjórnárumastörf er vissulega ákveðin almannaþjónusta sem einhverjir verða að sinna og það er nauðsynlegt að fólk nái að öðlast nokkra reynslu í þeim störfum. Og síðan finnst mér mikilvægt að sú reynsla nýtist líka annars staðar eftir þingmennsku.“

NPA verkefnið minnisstætt

Guðmundur kveðst mjög sáttur við störf sín á þingi. Hann hafi komið málum í gegn og náð að hafa góð áhrif. En eru einhver verkefni honum hugleiknari en önnur sem hann vann að þann tíma sem hann sat á Alþingi? „Mér er NPA verkefnið líklega minnisstæðast. Ég hafði frumkvæði að þingsályktunartillögu um að NPA, eða notendastýrð persónuleg aðstoð við fatlað fólk, yrði einn meginvalkosturinn í þjónustu við fatlað fólk. Það var samþykkt og ég var síðan fenginn til að stýra verkefnisstjórn um innleiðingu NPA. NPA er þjónustuform sem gjörbreytir lífsskilyrðum fatlaðs fólks og er besta leiðin til að færa fötlun fólkis sjálfstæði í lífi sínu. Þegar ég var að vinna að þessu lá leiðin fram og aftur á milli ráðuneyta og sveitarfélaga því það er í þeirra verkahring að inna þessa þjónustu af hendi. Þetta var heilmikið starf, sem leiddi meðal annars til þess að um 50 NPA samningar voru gerðir í nokkurs konar tilraunaskyni. Það var áhrifamikilið að sjá hvað þessir samningar höfðu mikil áhrif á líf fólks. Nú nýverið var síðan NPA lögfest sem þjónustuform. Það var merkur áfangi sem hefur mikil og raunveruleg áhrif á líf fatlaðs fólks, aðstandenda þeirra og á samfélagið allt.“

Björt framtíð hafði áhrif

Guðmundur sat á þingi fyrir þrjá flokka meðan hann var í pólitík. Hann var fyrst varaþingmaður fyrir Samfylkinguna frá 2007 og fram yfir hrún. Svo varð hann alþingismaður Norðvesturkjördæmis á árunum 2009 til 2013, fyrst fyrir Framsóknarflokkinn og síðan utan flokka og þar á eftir alþingismaður Suðvesturkjördæmis 2013 til 2016 fyrir Bjarta framtíð, sem hann stofnaði. Hann segir Bjarta framtíð hafa náð að marka sér töluverða sérstöðu og að áhrifin séu líklega meiri en margir geri sér grein fyrir. „Við vildum breyta þessari hefðbundnu stjórnárummenningu og opna nýjar leiðir fyrir fólk til þess að hafa áhrif. Margir kveiktu á því sem við vorum að gera og ég held að þessi löngun til að hafa stjórnárumalín aðgengileg, mannleg og jafnvel uppbyggileg hafi smitað út frá sér og sé víðurkennd krafa í dag. Við náðum líka árangri í mörgum sveitarstjórnnum og ég held að við höfum náð að halda á frjálslyndiskeflinu nokkuð vel í þessu pólitíska boðhlaupi

**FERSKUR FISKUR
DAGLEGA**

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Guðmundur Steingrímsson ásamt Alexíu Björgu Jóhannesdóttur eiginkonu sinni. Myndin var tekin í tilefni af Reykjavíkummarþoni síðastliðinn laugardag.

gamalla og nýrra flokka sem er í gangi. Kannski er Viðreisn búð að taka við því kefli núna. Mér sýnist það. Það er alla vega mikilvægt að einhver sé með það. Við tókum góðan sprett, fannst mér, með frjálslynd stefnumál og líka grænar áherslur, sem ég er mjög ánægður með að við gerðum, ásamt áherslunni á mannréttindamál." Guðmundur segir nauðsynlegt fyrir fólk sem starfar í stjórnárum og situr í sveitarstjórnnum og á Alþingi að mynda nokkurn skráp um sjálft sig. "Áreitin geta verið mörg bæði í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum og jafnvel í samskiptum í hinu daglega lífi. Maður verður á milli tannanna á fólki. Það er hluti af hinu pólitíska lífi. Þetta getur leitt til þess á löngum tíma að

fólk þróar með sér tilhneigingu til að vera endalaust í vörn eða vera sama um allt sem sagt er. Hvort tveggja er slæmt að mínu mati. Á einhverjum tímum á stjórnmálum stendur fólk frammi fyrir því að skrápurinn sé mögulega að breyta persónuleikanum varanlega. Þá er spurning hvort fólk sé til í það. Ég var ekki til í það."

Hef alltaf haft áhuga á að skrifa

Guðmundur snýr aftur að lífinu eftir þingstörfin og segir veröldina of spennandi til þess að binda sig of lengi við þingmennsku. "Ég hef alltaf haft áhuga á að skrifa. Ég byrjaði að vinna sem blaðamaður fimmtán

ára gamall, þá meðfram námi. Ég var á Tímanum hjá Indriða G. Þorsteinssyni og Ingvari Gíslasyni. Ég man vel þegar Indriði var að semja fyrirsagnirnar, bölvandi út í eitt. Hann var eftirminnlegur maður. Ég viðheld núna blaðamannabörfinni og áhuganum á þjóðfélagsmálunum með því að skrifa pistla í Fréttablaðið og svo rekum við gömlu félagarnir úr pólitíkinni, ég og Róbert Marshall, fyrirtæki sem heitir Vertu úti sem sér um útgáfu tímarits, sem heitir Úti og fjallar um útivist og alls konar áskoranir

og lífsstíl úti í náttúrunni. Við erum líka með vefsíðuna vertuuti.is. Sjónvarpsþættirnir Úti voru líka á RÚV í vor og Útivarpið í útvarpinu í sumar. Við erum fjölmiðlafyrirtæki á sviði útivistar og við hyggjum á ýmislegt fleira því tengt. Það er mjög gaman að fjalla um þetta efni. Fólk er svo glatt þegar það er í útivist og endalaus áhugaverð ævintýri að gerast. Ég sé mikla hugarfarsbreytingu í þessum efnunum. Fleira og fleira fólk drífur sig upp úr sófunum og fer út. Fer að ganga og hlaupa og vera úti í

náttúrunni. Við erum að byggja þennan rekstur upp. Þetta er lítið fyrirtæki og að koma því af stað er basl í byrjun. En við þurfum ekki að kvarta. Svo er ég líka í tónlist. Hljómsveitin sem ég hef verið í frá því í menntaskóla, Skárren ekkert, eða SKE, starfar ennþá. Við erum nýlega búnir að halda okkar árlega ball í Flatey. Svo erum við Róbert alltaf með gítarana niðri á skrifstofu. Við getum algjörlega gleymt okkur þar í gítargutli, félagarnir. Lífið er gott."

Dansgarðurinn
BGB
BALLETTSKÓLI GUÐBJARGAR BJÖRGVINS

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
býður upp nám í klassískum ballet og nútímadansi frá 3. ára aldri. Einnig er boðið upp á ballet fyrir fullorðna. Innritun er hafin á ballet.is, kennsla fer fram á Eidistorgi, Seltjarnarnesi.
Nánari upplýsingar: infoeballett.is og í síma 5349030

BIFREIÐASKOÐUN

Vissir þú að við skoðum bíla á Grandanum?

Þar skoðum við flestar tegundir ökutækja þ.m.t. ferðavagna og húsbíla

Verið velkomin í skoðunarstöð Frumherja að Hólmaslóð 2, Granda.



Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

Þrjú ný námskeið að Aflagranda 40 í haust



Dansað á Aflagrandanum.

Félagsmiðstöðin að Aflagranda er að bæta við þremur nýjum námskeiðum í haust og hvetjum við ykkur til að skoða þessi námskeið.

Fyrst ber að nefna Jóga með Grétu Sörens. Jóga sem hentar vel eldri borgurum. Bæði hægt að vera á dýnu og í stól. Námskeið þetta verður á miðvikudögum kl. 12:30-13:30 í hreyfisalnum.

Þá er Zumba gold námskeið fyrir 60 ára og eldri. Skemmtileg og góð hreyfing fyrir bæði konur og karla. Námskeiðið byrjar 24. ágúst en velkomið að byrja eftir það. Kennt á föstudögum kl. 10:30-11:30. Tanya úr Heilsuskólanum sér um kennsluna.

Ritun endurminninga með Björgu Árnadóttur er eitt hinna nýju námskeiða. Björg ætlar að koma með eitt af sínum vinsælu námskeiðum til okkar í haust. Ekki er komin nákvæm tímasetning á það en ef þið hafið áhuga þá endilega hafið samband við skrifstofuna á Aflagranda og við setjum ykkur á lista og látum ykkur vita þegar nákvæm tímasetning er komin. Meiri upplýsingar og skráninga á námskeiðin er hjá Sirí á skrifstofunni að Aflagranda 40 í síma 411-2700.

Nýi Vesturbæjarskólinn að komast í gagnnið

Nýbygging Vesturbæjarskóla er að komast í gagnnið. Iðnaðarmenn eru enn að störfum í eldra skólahúsnæðinu og vinna að breytingar sem þar er verið gera og nýbyggingin verður ekki tilbúin til afhendingar fyrir skólasetningu. Það veldur því að einhverjir hópar geta ekki hafið skólagönguna í sínum heimastofum í upphafi en afhending verður vonandi ekki seinna en 15. september.

Vegna framkvæmdanna var ákveðið að sleppa skólasetningunni 22. ágúst en nemendur mættu í skólann daginn eftir. Fimmtudag og föstudag verða nemendur ekki í húsi en stefnt er að því að fara með nemendur í 2. til 7. bekk í Gufunes og Húsdýragarðinn á fimmtudag og föstudag til að gefa iðnaðarmönnum rými til að vinna. Mánudaginn 27. ágúst mæta nemendur í sínar heimastofur. Nemendur í 1. bekk mæta í viðtöl hjá umsjónarkennurum miðvikudag og fimmtudag, 22. og 23. ágúst. Kennarar 1. bekkjar hafa þegar sent foreldrum póst varðandi



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri með skóflur á leið til að taka fyrstu skóflustunguna að nýjum Vesturbæjarskóla ásamt nemendum.

tímasetningar. Einnig mun 1. bekkur eiga sinn fyrsta skóladag í skólanum á föstudeginum.

Þar sem nýja mótuneytið er ekki tilbúið fáum við áfram mat frá Skólamat í hádeginu fyrstu vikunnar. Nemendur borða

hádegismat í íþróttasal þangað til matsalur verður tilbúinn en íþróttir eru utanhúss í september eins og alltaf. Foreldrar verða boðaðir á námskynningar eins fljótt og unnt er.

Umhverfisgöngur í Miðborginni

Umhverfisgöngur eru tilraunaverkefni íbúasamtaka Miðborgarinnar. Þær fara þannig fram að fólk gengur saman eftir ákveðnum gönguleiðum og skoðar umhverfið með tilliti til þess hvar og hverra úrbóta er þörf.

Göngurnar eru farnar í samstarfi við verkefnastjóra Miðborgarmála. Gengið er um afmörkuð svæði í Miðborginni en megnin markmið með þeim er að samráðvettvangur íbúa og borgaryfirvalda um á hvernig hátt bæta megi umhverfi. Fyrsta gangan var farin um Iðnaðarmannareit.



Vesturbæjarblaðið Sími: 511 11 88

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

JL HÚSIÐ, HRINGBRAUT 121
MIÐBERG, BREIÐHOLTI
KORPÚLFSSTAÐIR

SKRÁNING HAFIN Á MIR.IS

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333



RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Pósthúsið fær nýtt hlutverk

Í nóvember á komandi hausti verður starfsemi Íslandspóst flutt úr pósthúsinu við Pósthússtræti. Með því lýkur sögu pósthjónustu úr miðborginni eftir nær einnar og hálftrar aldar viðveru. Pósthúsið var byggt á árinum frá 1914 til 1915 eftir teikningu Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts. Saga Pósthjónustu í Kvosinni nær þó lengra aftur í tímann. Á þessu ári eru liðin 150 ár frá því að fyrsta pósthús landsins var sett á stofn á lóðinni Pósthússtræti 11 þar sem Hótel Borg stendur nú. Nokkru síðar eða árið 1872 var Óle P. Finzen skipaður póstmestari fyrstur manna. Þjó hann í húsinu en póstaftgreiðslan var í norðurenda þess.

Húsið sem nú verður yfirgefið af póstinum var upphaflega teiknað og byggt sem pósthús og var fyrst vígt 1915. Samkvæmt þeirri virðingu var lyfta í húsinu frá upphafi. Árið 1929 var reistur bílskúr sem tilheyrir húsinu. Hann er úr steinsteypu með járnþaki. Einnig var geymsluskúr úr bindingi virtur á sama tíma. Samkvæmt þeim virðingum hefur húsið haldist óbreytt frá byggingu þess.

Gamla pósthúsið og barnaskólinn

Tilvist götunnar sem nú er Pósthússtræti má rekja mun lengra aftur eða allt aftur til ársins 1801 þegar teiknaður var stígur á milli Dómkirkjunnar og Austurstrætis. Ekki var þó ráðist í byggingar við stíginn fyrr en rúmum 80 árum síðar því elsta hús þar var byggt árið 1882. Í því húsi var fyrsti eiginlegi barnaskóli Reykjavíkur og var póstaftgreiðslan flutt í Barnaskólann. Húsið fékk heiti af póstaftgreiðslunni en ekki barnakennslunni og gekk undir heitinu Gamla pósthúsið. Gamla pósthúsið var rekið þar til pósthúsið frá 1915 var tekið í notkun. Pósthússtræti hefur því verið pósthúsgata frá upphafi bygginga við götuna þar til í nóvember næst komandi þegar pósthúsinu þar verður lokað. Starfsemi þess og einnig pósthússins á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi verður flutt á fyrstu hæð í austur álmu Bændahallarinnar þar sem það mun deila húsnæði með útibúi frá Arionbanka.

Óhentugt húsnæði og erfitt aðgengi

Ástæður þess að sú starfsemi Íslandspóst sem verið hefur í húsinu verður flutt að þetta húsnæði



Pósthúsið var byggt á árinum frá 1914 til 1915 eftir teikningu Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts.

er ekki lengur talið hentugt fyrir pósthús. Þótt þar hafi aðalmiðstöð póstdreifingar verið á fyrri árum hafi hlutverk þess í pósthjónustunni farið minnkandi og síðustu ár hafi það verið rekið eins og önnur pósthús eftir að flokkun og dreifing var flutt annað. Þá hafi aðgengi að húsinu versnað og hafi það bæði bitnað á viðskiptavinum og starfsmönnum póstsins. Oft hafi reynt erfitt að koma sendingum að húsnæðinu vegna takmarkana á umferð og bílastæðum hafi fækkað til muna. Af þeim sökum hafi verið leitað að hentugra húsnæði í eða við miðbæ Reykjavíkur. Nýja húsnæðið á Melunum er talið henta vel til starfseminnar. Þar er nóg af bílastæðum og unnt að bæta aðbúnað starfsfólks frá því sem er í gamla húsinu.

Óljós framtíð

Enn er óljóst til hvers húsið verður nýtt í framtíðinni Pósturinn seldi húsið árið 2003 og hefur leigt aðstöðu þar síðan, en var lengstum með það allt til umráða. Félagsmiðstöðin Hitt húsið hefur um árabil haft stóran hluta hússins til umráða sem nú er í eigu Fasteignafélagsins Reita.

reykjavikrost.is

Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is

Léttir liðir með Túrmerik í sumar!

20% AFSLÁTTUR Í ÁGÚST

ICEHERBS NATURA ISLANDICA
MILT **túrmerik**
TURMERIK með fjallagrösom
GETUR VERIÐ GOTT FYRIR BÓLGUR OG LIÐI

ICEHERBS NATURA ISLANDICA
STERKT **túrmerik**
TURMERIK með svörtum pipar
GETUR VERIÐ GOTT FYRIR BÓLGUR OG LIÐI

www.iceherbs.is

ICEHERBS NATURA ISLANDICA

Guðrúnar Lárusdóttur, rithöfundar og Alþingismanns minnst

- gefin verður út bók um ævi hennar, afhjúpaður minnisvarði við Tungufljót og gengið um Vesturbæinn í tilefni af áttatíu ára ártíðar hennar.

Í ágúst er áttatíu ára ártíð Guðrúnar Lárusdóttur, rithöfundar og Alþingismanns. Hún lést 20. ágúst 1938 ásamt tveimur dætrum sínum í bílslysi við Tungufljót. Eftir að Guðrún flutti til Reykjavíkur 1899 bjó hún lengst af í Ási, síðar Sólvallagötu 23. Í tengslum við ártíðarafmælið hefur verið unnið að því að minnst Guðrúnar og verka hennar.

Nú er er verið að skrifa sögu Guðrúnar og mun bókina kom út síðar á þessu árin. Í maí sl. var opnuð sýning í Þjóðarbókhöðunni um ævi og störf Guðrúnar Lárusdóttur. Sýningin ber heitið „Og tíminn skundaði burt“ og er á fyrstu hæð byggingarinnar. Sýningin og verður opin fram til 10. nóvember. Á sýningunni má m.a. sjá skrifborð sem Guðrún fékk 16 ára gömul, bíblíu sem hún var með í Tungufljóti þegar hún druknaði, bréf, muni og bækur úr eigu hennar. Styrkur fékkst til þess verkefnis frá Fullveldi 1918. Mínerva er blað sem Guðrún gaf út á unglingsárum og er blaðið kjörgripur mánaðarins á vef Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. <https://landsbokasafn.is>. Á sunnudaginn 19. ágúst var afhjúpaður minnisvarði við Tungufljót til minningar um Guðrúnu og tvær dætur hennar sem druknuðu þegar bíll sem þær voru í ásamt eiginmanni hennar Sigurbirni Á. Gíslasyni og bílstjóra en þeir björguðust úr slysinu. Sunnudaginn 26. ágúst á útfarardegi mæðgnanna verður boðið til gönguferðar og hefst ferðin við Ás Sólvallagötu 23 kl. 16.00 og verður



Systurnar Sigrún og Guðrún Ásgeirsdætur barnabörn Guðrúnar Lárusdóttur staddar á bernskuheimilinu í Ási.

gengið að Þjóðarbókhöðunni þar sem gönguförinni mun ljúka á sýningunni. Gangan mun fara að miklu leyti sömu leið og líkfyld Guðrúnar og dætra hennar fór fyrir 80 árum.

Í grein um húsin Ás og Hof við

Sólvallagötu nýlega var sagt nokkuð frá Sigurbirni Á. Gíslasyni. Í greininni var æviferill hans og störf rakin nokkuð og einnig Guðrúnar konu hans. Meðal annars var sagt frá hlut Sigurbjörns í stofnun Grundar. Í greininni kom þó ekki fram



Guðrún Lárusdóttir.

að hann var eigandi og ritstjóri Bjarna sem var kristilegt heimilisblað og starfaði einnig við kennslu í eðlis- og stærðfræði við Vélstjórnarskóla Íslands í þrjú áratugi frá 1915 til 1945. Kirstin Lára dóttir Sigurbjörns og maður hennar Ásgeir L. Jónsson dýralæknir keyptu húsið við Sólvallagötu 1958 og sama ár var byggt við það að norðanverðu. Sigurbjörn Á. Gíslason andaðist 2. ágúst 1969.

VERTU MEÐ!

INNTRITUN HAFIN Á HAUSTÖNN 2018

ÁRANGUR

FRAMFARIR

TÆKIFÆRI

SÝNINGAR

NEMENDARÁÐ

DANSKEPPNIR

DANSFERÐIR

WORKSHOP

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

VESTURBÆR - GRAFARHOLT - GARÐABÆR
KÓPAVOGUR - HAFNARFJÖRÐUR

JAZZ - JAZZ FUNK - COMMERCIAL
MUSICAL THEATRE - CONTEMPORARY
SÖNGLEIKJADEILD - TÆKNITÍMAR

   DANSSKOLIBB

WWW.DANSSKOLIBB.IS

Heil brú verður eflað að nýju

Í vetur er áformað að halda verkefninu Heil brú áfram og efla það að nýju. Til þess var stofnað á vegum Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur á árinu 2016. Markmiðið með verkefninu er að bæta hverfisandann og auka samheldni í byggðinni. Einkunnar orð þess eru „sköpum, ræðum og leikum okkur saman“.

Verkefnið dróst nokkuð saman á liðnu ári eftir öflugt upphafsár þar sem haldnar voru sjö smiðjur og fimm málþing. Ákveðið hefur verið að hefja vetrarstarfið með haustfagnaði og einnig að efna til málþings þangað sem öllum þingmönnum í Reykjavíkurborg norður verðu boðið til að ræða við íbúa Miðborgarinnar um þau málefni sem að þeim snúa hvað varðar lagasetningar um skipulagsmál, atninumál, velferðarmál og önnur málefni sem kunna að verða til umfjöllunar.



**ÖKUM
VARLEGA!
SKÓLARNIR
ERU
AÐ
BYRJA!**

Actavis



Léttir á verknum

Paratabs 500 mg filmuhúðaðar töflur, innihalda parasetamol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast verkjalyf. Paratabs er notað gegn vægum til miðlungi miklum verkjum og til að lækka hita. Töfluna skal gleypa með glasi af vatni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is



HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

**Startrailer 1280**

750 kg. Mál: 205x109,5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.

**Gerð 1376**

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.

**Gerð 1374**

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.

**Gerð 1384**

Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.

**Gerð 1339**

Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Gerð 2331**

Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Flatvagnar**

Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Félagsmiðstöðin Tjörninn komin í haustgírinn

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru komnar í haustgírinn og eru unglingar og starfsfólk orðið afar spennu fyrir komandi vetri. Félagsmiðstöðin Frosti býður upp á frístundastarf fyrir öll börn og unglínga á aldrinum 10 til 16 ára í grunnskólunum í Vesturbæ.

Félagsmiðstöðin Hofið býður upp á sértækt frístundastarf fyrir 10 til 16 ára börn og unglínga með fötlun sem búa vestan Elliðaána. Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna 78 og Tjarnarinnar býður upp

á frístundastarf fyrir öll ungmenni á aldrinum 13 til 18 ára sem eru hinsegin eða tengja við hinsegin málefni á einn eða annan hátt. Í frístundastarfi er lögð áhersla á að vinna með sjálfsmynd, umhyggju, félagsfærni og virkni og þátttöku. Starfsfólk skipuleggur starfsemi félagsmiðstöðvanna af miklum metnaði í samráði við börn og unglínga með umhyggju, framsækni og fjölbreytileika að leiðarljósi.



Þessar myndir voru teknar í félagsstarfinu einn fárra sólardaga í sumar.

Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna 78 og Tjarnarinnar meðal þátttakenda

Hin árlega Gleðiganga fór fram Laugardaginn 11. ágúst en gangan er hápunktur Hinsegin daga í Reykjavík. Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna 78 og Tjarnarinnar tók þátt í fyrsta skipti en félagsmiðstöðin er hluti af samstarfsverkefni S'78, Tjarnarinnar og Reykjavíkurborgar sem hefur staðið frá árinu 2016.

Félagsmiðstöðin er ætluð hinsegin ungmennum, ungmennum í hinsegin pælingum og í raun öllum sem tengja við hinsegin málefni á einhvern máta. Verkefnið hlaut meðal annars Hvatningaverðlaun Skóla- og frístundaráðs 2018 en verðlaunin eru veitt fyrir verkefni sem þykja skara fram úr og vera til eftirbreytni. Hrefna Þórarinsdóttir, frístundaráðgjafi hjá Tjörninni er forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og hefur haft umsjón með verkefninu frá upphafi.

Það voru rúmlega 40 unglingar sem tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd á



Ánægt fólk eftir þátttöku í gleðigöngunni.

atriði félagsmiðstöðvarinnar í Gleðigöngunni og var vagninn vægast sagt stórglæsilegur. Félagsmiðstöðin hlaut styrk frá Hinsegin Dögum og

Landsbankanum til að taka þátt í göngunni sjálfri. Gleðin sem skein úr andlitum unglínganna var áberandi enda mikil vinna á bak við þátttöku í göngunni sjálfri.

Félagsmiðstöðin er opin alla þriðjudaga frá 19:30-22:00 og er staðsett í húsnæði Samtakanna 78 á Suðurgötu 3 í Reykjavík.

Frostheimabörnin lærðu á umhverfið

Sumarstarfið á frístundaheimilum Tjarnarinnar var fjölbreytt og skemmtilegt þrátt fyrir leiðindaveður! Börnin úr Frostheimum, Undralandi, Skýjaborgum og Selinu sátust um borg og bý.

Það var ekki bara leikur því Frostheimabörnin fóru að læra um umhverfið og náttúra í Sorpu. Skýjaborgir og Undraland fóru í sveitaferð og fengu að njóta

sólar dags! Það var leitað af álfum þegar börnin úr Selinu heimsóttu Álfagarðinn í Hafnarfirði. Nú snýr starfið að haustinu og starfsfólk frístundaheimilana er óða önn að undirbúa spennandi dagskrár og taka á móti nýju 1. bekkjum.

Börnin fóru meðal annars í heimsókn í sveitina í Miðdal í Kjósinni.



Margvísleg þjónusta á Eiðistorgi

Eiðistorg er verslana- og þjónustu- miðstöð Seltjarnarness. Verslana- og þjónustumiðstöðin er að stærstum hluta yfirbyggð. Um tveir tugir verslana og þjónustufyrirtæki eru staðsett á Eiðistorginu. Verslanir veitingastaðir, ferðaþjónustufyrirtæki og fleira er þar að finna. Þá er þar stórt frumkvöðlasetur á þriðju hæð Innovation house þar sem tugir fólks hafa aðstöðu og vinna að marg- víslegum verkefnum.

Menningarsetur Seltirninga er á Eiðistorginu. Þar er Bókasafn Seltjarnarness þar sem settir eru upp ýmiskonar list- og menningarviðburðir auk útlána á bókum. Góð kaffistofa er í húsakynnum safnsins, þar sem hægt er að setjast niður með kaffibolla, lesa blöð og tímarit, glugga í bækur eða bara að spjalla saman. Gallerí Gróttu er starfrækt í tenglum við safnið og þar eru stöðugar listsýningar. Á neðri hæð undir safninu er svo verslun Hagkaups, fjölbreytt verslun með daglegar vörur og langan opnunartíma. Á efstu hæðinni fyrir ofan bókasafnið hefur Golfklúbbur Ness aðstöðu sem nýtt er fyrir starfsemi einkum að vetrinum þegar erfitt eða ómögulegt að að spila golf utan dyra. Á neðstu hæð er svo Ballettskóli Guðbjargar Björgvins og veitingastaðurinn Rauða ljónið.

Ýmislegt gert á Eiðistorgi

Þegar inn á sjálft torgið kemur er að finna fjölda þjónustuaðila. Þar má m.a. nefna ferðaskrifstofuna Mundo, vinnubúð og Handverk og hönnun. Pósthús er enn á torginu en fyrir liggur að starfsemi þess verði flutt í Bændahöllina við

Hagatorg. Til vinstri frá aðalinngangi á Eiðistorgi er sjónvarpsstöðin Hringbraut með starfsemi sína og þar er einnig apótek. Á efri hæðinni er að finna nokkur fyrirtæki. Þar er ferðaþjónustan Að fjallabaki, Snyrtistofan Laila, Skjámynd vefhönnun, Erling Ó. Aðalsteinsson ljósmyndari, Innrómmum Guðmundar, Önn Verkfræðistofa, Perma Hárgreiðslustofa og Borgarblöð. Í útbyggingu er síðan Kaffihúsið og ísbúðin Arna. Af þessu má sjá að ýmislegt er gert á Eiðistorginu og margt í boði.

Í miðju Eiðistorgsins er skemmtilegt rými sem notað er

fyrir ýmsa viðburði og eflaust mætti nýta þetta ágæta pláss betur. Þar er upplagt fyrir skóla, félagsstarf barna og ungmenna, listafólk og fleiri að vera með uppákomur á og torginu svo miðsvæðis sem það er á Seltjarnarnesi. Stórt bílastæði er við verslana- og þjónustumiðstöðina. Stundum hafa komið fram hugmyndir um að byggja á hluta þess en þær hafa ekki orðið að veruleika. Eiðistorg stendur að norðanverðu á Eiðinu í alfara leið þeirra sem eiga leið um Seltjarnarness og er fyrir löngu orðin miðbæjarkjarni bæjarfélagsins.



BORÐTENNISBORÐ



PLAYBACK borðtennisborð frá BUTTERFLY m/neti, blá eða græn 19mm borðplata

Verð: 59.478 kr m/vsk -



pingpong.is - Síðumúla 35 (að aftanverðu) - S: 568 3920

Glæsilegur undirfatnaður í verslunni Ynju Glæsibæ



Glæsibær - Álfheimar 74 - S. 544 4088 - www.ynja.is



Lífrænt haust!




LÍFRÆNN SAMFESTINGUR

Nýtt jógafermatamerki á Íslandi. Ripple Yoga framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag og margt annað.



HAFRAGRAUTUR DELUXE

Hafragrauturinn okkar er engu líkur. Lúxusútgáfan er í uppáhaldi margra sem njóta hans daglega. Lífrænn, spíraður og glútenlaus, eins og hafragrautur á að vera. Prófaðu villtan aðalbláberjalatte með.



VÍTAMÍN & dásamlegir drykkir

Frá Viridian koma vönduðustu bætiefni samtímans án allra aukaefna og nastís. En líka magnaðir drykkir til heimabruks. Fylltu þig af D-vítamíni fyrir veturinn.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Hugleiðsla alla miðvikudagsmorgna kl. 9.15 með Thelmu Björk.
Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

TUNGUSILUNGUR ER FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI ÞAR SEM FJÓRIR ÆTTLIÐIR STARFA SAMAN

Regnbogapaté og fleira lostæti

Tungusilungur er með minnstu fiskeldisfyrirtækjum landsins og um leið merkilegt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir hágæða sælkeravörur á borð við birkireyktan regnbogasilung, reyktu og grafna bleikju, ferska bleikju, ferskan silung og fleira lostæti. Stór hluti ferskvörunnar fer í útflutning og á Fiskmarkaðinn en aðrar afurðir Tungusilungs fást í verslunum Samkaupa, Mosfellsbakaríi, Fjarðarkaupum, Melabúðinni og í Kolaportinu.

„Faðir minn, Magnús Guðmundsson, stofnaði Tungusilung árið 2002 og síðan hefur fyrirtækið stækkað hægt og rólega,“ segir Freyja Magnúsdóttir, en í þessu fjölskyldufyrirtæki er nú fjórði ættliðurinn kominn til starfa. „Við systurnar fimm komum snemma inn í reksturinn, síðan bættust synir mínir í hópinn og núna eru barnabarnabörn þabba farin að starfa hér í skólafrium á sumrin.“

Starfsemin skiptist í fiskeldi á landi við strendur Tálknafjarðar og fiskvinnslu í þorpinu. Þrír afkomendur Magnúsar starfa við vinnsluna og til viðbótar eru tveir sem vinna við fiskeldið. Í heildina eru níu starfsmenn í fyrirtækinu sem allir tengjast fjölskyldunni að einhverju leyti.

Afurðirnar frá Tungusilungi eru margrómaðar kræsingar og til viðbótar við það sem upp var talið

eru þau með á boðstólum svokallað regnbogapaté, þ.e. paté úr reyktum regnbogasilungi. Freyja segist telja að ekki séu aðrir aðilar með sambærilega vöru á markaði.

Tungusilungur er til húsa við Strandgötu 39 á Tálknafirði og hægt er að kaupa vörurnar á staðnum eða pantu. Fyrirspurnir má senda í gegnum Facebook-síðu Tungusilungs eða með tölvupósti á tungusilungur@simnet.is. Einnig er hægt að hringja í síma 456-2664 og 863-0977. Skemmtilegast er þó að gera sér ferð um héraðið, kaupa á staðnum, spjalla við starfsfólkið og skoða starfsemina í leiðinni.





TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is



AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

ÍSRÖR



Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldvatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Líklega besta verðið

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins

- bætist við Dansgarðinn



Dansgarðurinn er Regnhlífarverkefni sem er með það markmið að gera dans aðgengilegr fyrir alla auk þess að bjóða upp á faglega menntun í klassískum ballet, nútímadansi, samtímadansi, skapandi dansi og fræðslu. En eftir að Hrafnhildur Einarssdóttir tók við sem skólustjóri Klassíska listdanskólans síðastliðinn vetur ákvað hún ásamt samstarfsfólki sínu að byggja upp Dansgarðinn í kringum skólann.

Undir Dansgarðinum starfar Klassíski listdanskólinn sem býður upp á nám í klassískum ballett og nútíma/samtímadansi fyrir nemendur frá 3 ára aldri, þar er einnig boðið upp á 3 ára framhaldsbraut sem er viðurkennd af menntamálaráðuneytinu, FWD Youth Company sem er ungdanshópur ætlaður ungum dönsurum sem hafa lokið framhaldsbraut og langar að þróa sig enn frekar sem dansara, Dans fyrir alla; þar sem leiðbeinendur frá Dansgarðinum hafa boðið upp á skapandi dans í leiksskólum, frístundaheimilum, grunnskólabörn og kennarar þeirra hafa komið í heimsókn til okkar í Dansgarðinn í dansfræðsludag og einnig höfum við verið með vinnusmiðjur með hælisleitendum. Og nú var að bætast við ný planta í garðinn okkar; Ballettskóli Guðbjargar Björgvins. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins

og Klassíski listdanskólinn munu í vetur einnig bjóða upp á sérstaka strákatíma og Undirbúningsnám fyrir framhaldsbraut þar sem ungu fólki býðst að koma í mjög krefjandi dansnám jafnvel þó svo þeir séu byrjendur eða hafi byrjað seint að dansa.

Höfum áhuga á að tengja skólana meira saman

Guðbjörg Björgvins stofnaði Ballettskóla Guðbjargar Björgvins árið 1982. Okkur í Dansgarðinum bauðst að bæta við Ballettskóla Guðbjargar í garðinn okkar, og erum við mjög spennt fyrir þeirri viðbót. Fyrst um sinn mun skólinn starfa með sama sniði og hann hefur gert síðustu árin, en hægt og rólega höfum við í huga að tengja skólana meira saman og vinna einnig fleiri aukaverkefni innan skólans líkt og við höfum verið að gera með Klassíska listdanskólann síðastliðið ár. Guðbjörg Björgvins mun auðvitað fylgja þessu barni sínu eftir og gefa okkur góð ráð. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins býður upp á dansnám fyrir nemendur frá 3 ára aldri, en þar er einnig boðið upp á ballettíma fyrir fullorðna, sem hentar öllum. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins heldur starfsemi sinni áfram á Eiðistorgi.

Myndlistaskólinn í Reykjavík enn í JL húsinu

Myndlistaskólinn í Reykjavík er að hefja sitt 72. starfsár um þessar mundir en síðustu tvo áratugi hefur skólinn verið til húsa í JL húsinu, Hringbraut 121. Þar er hann enn þrátt fyrir þralátan orðróm um að hann sé á förum úr Vesturbænum. Aðspurð segir skólustjórinn, Áslaug Thorlacius, að vissulega sé fótur fyrir þeim orðrómi en hugmyndir um að flytja skólann í Skeifuna hafi verið til skoðunar um nokkurt skeið.



Mynd er eftir Elínu Elísabetu Einarssdóttur fyrrverandi nemandi á teiknibraut skólans.

Þótt Vesturbærinn sé dásamlegur sé hann alls ekki miðsvæðis en það sé hins vegar vel hægt að segja um Skeifuna. Enn hefur þó ekki verið gengið frá samningum um sölu og flutninga og því er skólinn enn á sínum gamla stað. Vegna staðsetningarinnar vestast í Vesturbænum hefur skólinn um nokkurra ára skeið rekið tvö útibú í austurbæ Reykjavíkur, annað í Félagsmiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti og hitt á Korpúlfsstöðum. „Einkum og sér í lagi eru það börnin sem finna fyrir staðsetningunni. Strætósamgöngur eru ekkert sérlega góðar við vesturendann á Hringbrautinni og það eru ekki allir foreldrar svo vel settir að þeir geti ekið börnunum sínum endanna milli í borginni til að koma þeim á námskeið til okkar.“ Í Miðbergi hefur eingöngu verið boðið upp á námskeið fyrir börn og unglinga en á Korpúlfsstöðum hafa einnig verið haldin námskeið fyrir fullorðna. Til viðbótar við barnanámskeiðin er í haust boðið upp á þrjú námskeið fyrir fullorðna nemendur á Korpúlfsstöðum, í málnu, keramik og teikningu.

„Starfið á Hringbrautinni er mjög blómlegt. Við erum búin að setja skólann þetta haustið og hér er fullt út úr dyrum alla virka daga. Alls eru rúmlega 120 manns í fullu námi í dagskóla og nú stendur yfir skráning á námskeiðin og þau eru öll að fyllast“, segir Áslaug. Hægt er að skoða námskeiðaframboðið á vefsíðu skólans mir.is

GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi



Eiðistorgi • Sími 551 2323



Eiðistorgi, 2 hæð.

--- kvikmyndagerð --- klippivinnsla ---
--- 2d/3d grafík ---



Ljósmyndastofa Erlings
Silla og Erling
552-0624
erling.is



www.mundo.is



skjamynd.is - fjarskiphandbokin.is

„Við erum ekki bara opin, heldur líka með faðminn opinn“

- segir Óttarr Proppé í Bóksölu stúdenta

„Það sem heillaði mig strax við að hefja störf í Bóksölu stúdenta var hvað hún og allt umhverfið er lifandi og skemmtilegt.“ segir Óttarr Proppé, sem er nýtekinn við stöðu verslunarstjóra Bóksölu stúdenta. Hér á Óttarr við Háskólatorg sem er hjarta háskólasvæðisins, þar sem nemendur, kennarar, starfsfólk og aðrir koma saman, hittast yfir kaffi, mat, skemmtun – og bókum og blöðum. Aðgengið úr öllum áttum er gott. Nefnir Óttarr sem dæmi aðkomuna úr Vesturbænum. Nú þarf ekki að fara yfir mikla umferðargötu því það er innangengt á Háskólatorg í gegnum göng undir Suðurgötu úr Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur, við hlið Háskólabíós.

Óttarr er ekki ókunnugur í bókabransanum en hann starfaði í honum lengi á árum áður. „Mér finnst spennandi að hræst í suðupotti þar sem alltaf er eitthvað nýtt að gerast og mikil fjölbreytni í gangi.“ segir hann. „Þetta er að sumu leyti eins og lítið samfélag eða hverfi og þannig á það að vera. Það er fyrst og fremst hlutverk Bóksölnnar að þjónusta stúdenta Háskóla Íslands en við erum líka verslun annarra námsmanna á öllum skólastigum og allra þeirra sem yndi hafa af bókabúðum.“

Öllu jafna er að finna um 12 til 15 þúsund titla í versluninni, bæði almennar- og fræðibækur og vefurinn geymir svo enn fleiri.“ Sérþönnunartjónusta á bókum er vinsæl en Óttarr segir að auðvelt sé að finna hvaða fánlegu bók sem er, hvaðan sem er. „Besta stund bóksalans er þegar maður nær að ráðleggja bók sem lesandi hefur ekki heyrt um en kemur svo á daginn að er hárréttu bókinn fyrir viðkomandi.“ segir Óttarr.

Bókakaffi stefnumótastaður fyrir fólk úr hverfinu

Bóksala stúdenta býr einnig yfir góðu úrvali ritfanga fyrir heimili og skóla, gjafavörum og leikföngum. „Í fyrra seldum við tæplega 50.000 bækur og 4.700 penna, en við seldum líka yfir 380 öngla og 4.400 pör af eyrnatöppum– svo úrvalið og nytsemin nær yfir fleira en bækur.“ segir Óttarr. Bókakaffi stúdenta er kaffihús staðsett í Bóksölnni sem nýtur sívaxandi vinsælda. „Hingað mætir ekki bara fólk af háskólasvæðinu, heldur er Bókakaffið stefnumótastaður fyrir fólk úr hverfinu. Hér er afslappaðra andrúmsloft en í miðbænum og meiri rólegheit til að spjalla, vinna, funda eða kíkja í bækur.“


Vörur á stúdentaverði – álagning í lágmarki

Lágt verð Bóksölnnar er hennar aðalsmerki og löggöf er áhersla á að vera með allar vörur á „Stúdentaverði“. En hvað er það? „Það þýðir að við höldum álagningu í lágmarki. Bóksalan er rekin með sama hætti og stúdentagarðarnir, Háma, leikskólar stúdenta og Stúdentakjallarinn, af Félagsstofnun stúdenta sem er óhagnaðardrífín og markmiðið alltaf að vera á núlli. Við reynum að bjóða alla vöru og þjónustu á verði sem stúdentar hafa efni á og aðrir njóta góðs af í leiðinni. Við erum því mjög samkeppnisfær í verðlagi.“

Viljum að flestir upplifi skemmtilega stemningu

Stemningin í Bóksölnni við skólabyrjun er alltaf gleðileg.

Óttarr segir að skólabyrjun sé í eðli sínu skemmtilegt tímabil og marki nýtt upphaf á vissan hátt. „Við upplifum eftirvæntinguna og gleðina í loftinu þegar gamlir vinir hittast aftur eftir sumarfrí og nýir nemar koma inn frekar öruggir að skoða sig um.“ segir Óttarr brosandí. Hann segir að „skólabókaflóð“ og „jólábókaflóð“ sé ekki akkórðsvinna, heldur meira eins og karnival. „Við hrífumst öll sjálfkrafa með stemningunni.“ segir hann. Til að auka á gleðina við skólabyrjun ætla Bóksalan að setja tóninn með ýmsum viðburðum fyrir gesti. „Já, við setjum kaffivélina í fimmta gir, verðum með skemmtilegar uppákomur og DJ til að spila undir við bókavalið. Við vonum að sem flestir komi og upplifi skemmtilega stemningu hjá okkur. Við erum ekki bara opin, heldur líka með faðminn opinn.“ segir Óttarr að lokum.



Óttarr Proppé í Bóksölu stúdenta.

Hægt er að fylgjast með viðburðum og fleiru hjá Bóksölu

stúdenta á facebook síðunni www.facebook.com/boksalastudenta



Gæðakerrur fyrir öll tækifæri - mikið úrval aukahluta

Garð- og tómsundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseguleika sem auðvelt er að geyma uppá enda. Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmöguleika kerrunnar.



Frá 139.000,- m/vsk



Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fánlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:

- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhlíða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelddar krækjur



Fjöldi botnstifa



Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá 1.069.000,- m/vsk



MotorMax Motormax ehf. Vatnagarðar 12 Sími: 545 4040

Söluaðilar Motormax:

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthélsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrúkur
Sími 455-4500

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNISLA



Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Sumarskáknot og skákhátíð KR við Selvatn

Mikið var um dýrðir þegar skákhátíð KR og sumarmótið við Selvatn á Nesjavallaleið fór fram í miklu blíðviðri við fjallavatnið fagurblátt 19. júlí sl. Góð þátttaka var í mótinu sem nú var haldið í 12. sinn að venju þó einhver forföll yrðu á síðustu stundu eins og gengur. Keppendur voru á öllum aldri og nokkrar landsliðskonur í skák krydduðu mótið með þátttöku sinni.

Þetta var í 12. skipti sem slíkt sumar- og fjórðflunarmót er haldið á vegum Skákdeildar KR sem nú keppir í fyrstu deild í Íslandsmóti skákfélaga 4. árið í röð. Fjölmargir stuðningsaðilar styrktu mótið sem og keppendur með taflmennsku sinni. Mikið áteisla var og háð undir beru lofti en meistarakokkar frá Eldhúsi Sælkerans reiddu fram allsnægtaborð í leikhléi. Eftir fjölbreytt sjávarréttahlaðborð sem keppendur borðuðu yfir sig af kom svo að aðalréttinum glóðarsteiktri lambasteik með miklu meðlæti. Keppendur trúðu varla sínum eigin bragðlaukum og magamáli.

Lífleg taflmennska

Taflmennskan í mótinu var mjög lífleg og keppnisandinn í hæstu hæðum. Þegar upp var staðið urðu þeir Bragi Halldórsson og Róbert Lagermann efstir og jafnir að vinningum með 9 v. af 11 mögulegum, en sá síðarnefndi úrskurðaður sigurvegari á mótsstígunum. Verðlaun voru veitt fyrir 5 efstu sætin. Jón Þór Bergþórsson varð þriðji með 8.5, Lenka Ptácniková fjórða með 8.0 og Ólafur Gísli Jónsson fimmti með 7 vinninga. Eftir það fór að teygjast úr lestinni. Öldungaverðlaun hlaut Magnús Pétursson (85) og ungmennaverðlaun Jósef Omarsson (7). Nokkrir útvaldir fengu svo gjafakort frá veitingastaðnum Höfninni fyrir málsverð handa tveimur. Nýjustu bók Einars Kárasonar rithöfundar fengu svo efstu menn



Vinningshafar á sumarskáknotinu.



Kræsingar voru á borðum.

í kaupbæti sem og skákstjórnir Páll Sigurðsson, alþl. dómari að þökkum. Mótið var reiknað til stiga.

Skákdeildin, sem Kristján Stefánsson, hrl., formann í forystu, þakkar keppendum,

stuðningsaðilum og ekki hvað síst heiðurshjónunum Guðfinni R. Kjartanssyni og Erlu Axelsdóttur húsráðendum í Listaselinu við Selvatn fyrir þátttöku sína, stuðning og fyrirgreiðslu við mótshaldið.

Bogi í KR-Hlaðvarpinu

Hinn góðkunnir fréttamaður Bogi Ágústsson ræddi um sumarið, útvarpið og KR-Liverpool á dögnum en það var 17 þáttur þess í sumar.

Flestir landsmenn þekkja Boga af skjánum þar sem hann fer yfir fréttir líðandi stundar í fréttatímum RÚV og

tekur viðtöl við fólk. Bogi hefur verið viðloðandi KR-útvarpið frá upphafi og hefur hann ýmislegt að segja. Hann hefur einnig upplifað margt í sögu KR eins og Evrópuleikinn gegn Liverpool og fleira áhugavert. Hann setist nú niður með þeim Hilmari Þór Norðfjörð og Hjörvari Ólafssyni.



Bogi Ágústsson fréttamaður.

KR-SÍÐAN



RAF LÍNA

ALHLIÐA RAFVERKTAKAR

Tökum að okkur alla ahliða rafverktöku - Stór sem smá verk



Rúnar Kristjánsson
rafvirkjameistari

Sími 617 1111
runarfjeldsted@gmail.com



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

REYKJAVÍKURBORGAR

HULDA

ÆTLAR

AÐ VERÐA

ROKKARI

LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir skóla- og frístundasvið heyra:

- LEIKSKÓLAR
- GRUNNSKÓLAR
- FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/laus-storf/sfs



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið